

málinu, að hag kærðs hafi verið þann veg komið, þegar í lok ársins 1931, að honum hafi þá samkv. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 25, frá 14. júní 1929, borið skylda til þess að framselja bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar, en enn augljósari er þó skylda kærða til þess orðin, haustið 1932 eða í lok þess árs, er séð varð, hvernig afkoma útgerðar kærða á því ári varð.

Það verður því að áliti réttarins að telja, að kærður hafi, með því að framselja ekki bú sitt til gjaldþrotaskipta fyrr en hann gerði, brotið gegn framangreindu lagaákvæði og þykir refsing sú er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til rikissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1935.

Nr. 130/1933. **Helgi Guðbjartsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Skiftaráðanda Ísafjarðar f. h. þrotabús Sæmundar Albertssonar og Charles Bjarnasyni (Garðar Þorsteinsson).

Úrskurður hæstaréttar.

Með dómi gestaréttar Ísafjarðar frá 28. febr. 1933 var áfrýjandi dæmdur til að skila hinu stefnda þrotabúi bifreiðinni Í. S. 36 innan 30 daga frá birtingu dómsins, en að öðrum kosti til að greiða búinu kr. 2500.00 með vöxtum 5% p. a. frá 22. des. 1932 til greiðsludags. Var því næst krafizt aðfarar hjá áfrýjanda samkvæmt dóminum þann 3. okt. 1933. Bifreiðin var þá norður á Akureyri, og með því að áfrýjanda var með úrskurði fógetaréttarins þann 14.

s. m. synjað um nokkurra daga frestun á aðfarargerðinni, þar til bifreiðin gæti verið komin til Ísafjarðar, þá skoraði fógætinn á áfrýjanda, samkvæmt greiðsluákvæði dómsins, að greiða áður nefndar kr. 2500.00 með vöxtum. Segir svo í bókun fógetaréttarins 16. s. m., að áfrýjandi hafi þá „lagt fram“ tékkávisun „til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda“, og að umboðsmaður áfrýjanda hafi beðið bókað, „að fjárnámsgerð þessari verði áfrýjað til hæstaréttar og biður um gerðir í málinu til áfrýjunar“. Hefir áfrýjandi skotið „fjárnámi“ þessu, eins og það er nefnt í stefnunni 18. nóv. 1933 til hæstaréttar.

Af hálfu hinna stefndu hefir verið krafizt frávisunar á máli þessu og málskostnaðar fyrir hæstarétti, og er frávisunarkrafan byggð á því, að engin fjárnámsgerð hafi farið fram, og sé því í raun rétttri engu að áfrýja. Af hálfu áfrýjanda hefir frávisunarkröfunni verið mótmælt.

Framanefnd tékkávisun, sem fógæti tók í vörzlur sínar, er sýnilega lögð fram í því skyni, að setja tryggingu fyrir greiðslukröfu dómsins, og afstýra þar með frekari aðgerðum af hálfu fógetaréttarins. Gerðir fógætans, þar á meðal móttaka ávisunarinnar, eru dómsathafnir, sem áfrýjanda er rétt að bera undir æðra dóm, og er enginn vafi á því, að það eru þessar dómsathafnir, sem hann hyggst að leggja fyrir hæstarétt í máli þessu, og getur það engu máli skipt að þessu leyti, hverju nafni dómsathafnir þessar eru nefndar í hæstaréttarstefnunni. Verður frávisunarkrafan því ekki tekin til greina.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Frávisunarkrafan verður ekki tekin til greina.